

Hreppsnefnd skipar mann til þess að sjá um framkvæmd verksins, Gjörir hann nefndinni glöggan reikning fyrir kostnaðinum og er henni þá skylt að greiða hann tafarlaust, nema því að eins að ágreiningur verði um upphæð hans. Skulu þá tveir menn, er sýslumaður tilnefnir, álíta verkið, og er þeirra úrskurður fullnaðarúrslit. Sá málspartur, er málið gengur á móti, skal greiða málskostnað.

III. Almennar ákvarðanir.

10. gr.

Skógarverðir skulu í bók rita, er sýslumaður löggildir, allt sem að sýslan þeirra lýtur. Þeir skulu eptir nánari fyrirmælum sýslumanns semja árlega skýrslu um ástand skóga og mellands og yrking þess og senda þær sýslumanni fyrir lok febrúarmánaðar hvers árs. Bók sína skulu þeir sýna sýslumanni á manntalsþingi.

11. gr.

Vanræki skógarvörður eða hreppsnefndarmenn skyldu sína, skulu þeir sekir um 10—100 kr. Önnur brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—100 kr., og rennur annar helmingurinn til uppljóstrarmanns, en hinn í sýslusjóð.

Samþykkt þessi, sem almennur hjeradsfundur hefir fallizt á, er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1899.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 15. júlí 1899.

J. Havsteen.

Samþykkt

um kynbætur hesta í Rangárvallasýslu.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891. um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Rangárvallasýslu:

1. gr.

Gelda skal svo fljótt, sem auðið er skapnaðar vegna, alla hesta, sem eru skjóttir, hvítir, glámóttir, snúinhæfðir, hvíthæfðir, þreklitlir og illa vaxnir, eða hafa aðra þá galla, sem rýrir verð þeirra. Sama gildir og um hesta, sem eru af kyni með fyrtöldum göllum, eða eru fæddir af náskyldum foreldrum, eða eru undan merum yngri en 3 vetra, eða eldri en 15 vetra. Laungröðum hestum eru eigendur skyldir til að farga svo fljótt sem unnt er.

2. gr.

81

Hryssum með göllum þeim, sem taldir eru í 1. gr., skulu eigendur skyldir til að farga eins fljótt og unnt er, og skulu öll merfolöld, er fæðast eptir 1. janúar 1905, drepin á haustinu, ef þau hafa fyrtalda galla.

3. gr.

Skylt er hverjum manni að fódra vel graðbesta sína, ella skulu þeir geltir, áður en hrossum er sleppt úr húsum á vori. Til undaneldis mega hestar eigi vera yngri en 3 vetra og ekki eldri en 6 vetra og má ekki brúka þá neitt meðan þeir eru hafðir til undaneldis.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu hafa eptirlit með, að reglum þeim, sem settar eru í 1.—3. gr., verði hlýtt, en nánari framkvæmdir fyrir sína hönd geta þær falið 2 mönnum, er hreppsnefndin kýs, eða skoðunarmönnum þeim, sem um getur í lögum um horfelli á skepnum 26. febr. 1898, eða síðar kunna að verða skipaðir. Kostnaður við framkvæmd samþykktar þessarar greiðist úr sveitarsjóði.

5. gr.

Sje graðhestur vel fódraður, mjög vel skapaður til undaneldis og hafi flest þau einkenni er nú skulu talin:

- a. að hann eigi sje getinn af of skyldum foreldrum, t. d. móður og syni eða systkinum, og að hann sje af holdsömu og hraustu kyni.
- b. að hann hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur helzt í báðar ættir.
- c. að hann sje einlitur og af einlitri ætt, helzt í báðar ættir.
- d. að hann sje gjörfulegur á vöxt og stór, hausfríður, kjálkaþykkur, makka-hár, bringmakkaður, þrekin um bóga og rifin mjög vel bogadregin, bein- en stuttbryggjaður, lendabrattur, vöðvaþykkur á þjóum, prúður á tagl og fax, rjetthæfður og svarthæfður, pungsiður, eystnaþykkur og kólfdigur — getur sýslunefnd veitt eiganda hans verðlaun úr sýslusjóði, allt að 40 kr.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 50 kr., og rennur annar helmingur þeirra í sveitarsjóð, en hinn til uppljóstrarmanns.

Samþykkt þessi, sem almennur hjeraðsfundur hefir fallizt á, er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni, til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1899. Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 12. júlí 1899.

J. Havsteen.